ANTIKVA EHF 2025

# Iðunnarstaðir

## Fornleifaskráning vegna skógræktar

**Rúna K. Tetzschner og Ragnheiður Traustadóttir**





**Kort 1. Skráningarsvæðið er rauði punkturinn á kortinu.**

Forsíðumynd: Horft yfir gamla bæjarhólinn [3451-550] á Iðunnarstöðum og tóft [3451-457]

Ritstjóri: Ragnheiður Traustadóttir

Uppsetning: Rúna K. Tetzschner

Kortagerð: Ragnheiður Traustadóttir

www.antikva.is

Útgefandi: Antikva ehf.

ISBN númer: 978-9935-525-71-0

Verkefnanúmer MÍ: 3451

Ljósmyndir í ritinu eru teknar af höfundum nema að annað sé tekið fram

© Antikva ehf., Rúna K. Tetzschner og Ragnheiður Traustadóttir

# Efnisyfirlit

Inngangur ........ 9

Fornleifaskráning og skráningarsvæðið ........ 10

Tilgangur fornleifaskráningar ........ 10

Fornleifaskráning og aðferðir ........ 14

Minjanúmer ........ 14

Tegund, hlutverk og heiti ........ 16

Staðsetning ........ 16

Staðhættir og lýsing ........ 16

Hættumat ........ 16

Mótvægisaðgerðir ........ 17

Fornleifar á svæðinu ........ 17

Iðunnarstaðir [188] ........ 18

Minjar í bæjartúni ........ 21

Bær – bæjarhóll [3451-450] tóft – hóll ........ 21

Matjurtagarður [3451-452] jarðrækt ........ 23

Útihús [3451-471] heimild ........ 23

Súrheysgeymsla [3451-451] steyptur grunnur ........ 23

Hlaða – fjós [3451-472] tóft ........ 24

Heimreið [3451-453] heimild ........ 25

Útihús [3451-457] tóft ........ 25

Útihús [3451-454] tóft ... 26
Útihús [3451-455] þústir ... 27
Útihús [3451-456] heimild ... 28
Fjárhús [3451-458] tóft ... 28
Fráveita [3451-459] skurður ... 29
Fjárhús – útihús [3451-475] tóft ... 30
Fjárhús- útihús [3451-476] tóft ... 31
Minjar á skógræktarsvæði ... 32
Mógrafir - torfrista [3451-470] niðurgreftir ... 32
Leið [3451-460] gata ... 33
Stekkur [3451-461] tóft ... 34
Butraldi – eyðibýli [3451-473] heimild ... 35
Stekkjarkvarnarvað [3451-462] vað ... 36
Leið [3451-463] gata ... 37
Kennimark – samgöngubót [3451-464] varða ... 37
Kennimark – samgöngubót [3451-465] varða ... 39
Kennimark – samgöngubót [3451-466] varða ... 39
Leið [3451-467] gata ... 40
Mógrafir [3451-468] niðurgreftir ... 41
Landamerki [3451-469] varða ... 42
Hádegisklettur [3451-477] eyktarmark náttúruminjar ... 43

Leið [3451-474] gata ........ 43
Samantekt og niðurstöður ........ 45
Minjar í bæjartúni ........ 45
Minjar á skógræktarsvæði ........ 47
Heimildir ........ 49
Þjóðskjalasafn Íslands ........ 49
Árnastofnun – Örnefnasafn ........ 49

# Myndaskrá

Mynd 1. Skráningarform á Vesturlandi sem fylgir stöðlum Minjastofnunar Íslands. ............ 15

Mynd 2. Gömul mynd af síðasta torfbænum á Iðunnarstöðum. Þarna sést bær með þremur burstum, lítið hús fyrir framan og stórt timburhús þar sem var hlaða. Húsaskipan er eins og á túnakorti frá árinu 1918. Myndin er til sýnis á Hótel Basalt á Iðunnarstöðum en frummyndin er í eigu Jómundar G. Hjörleifssonar á Heggsstöðum. Myndin er unninn í gervigreind. ........ 18

Mynd 3. Horft beint niður á gamla bæjarhólinn. Bæjartóftin [3451-450] sést t.v. og fyrir framan hana (neðst) er matjurtagarður [3451-452]. T.h. er [fjós 3451-472] og steyptur súrheysturn [3451-451]. ........................................................................................ 21

Mynd 4. Hér t.h. sést móta fyrir matjurtagarði [3451-452] fyrir framan bæjartóft [3451-450] og súrheysturn [3451-451]. ........................................................................................ 22

Mynd 5. Steypt súrheysgryfja [3451-451] sést hér í miðjum bæjarhólnum........................... 23

Mynd 6. Horft norður inn í tóft í bæjarhólnum sem sennilega er af fjósi og hlöðu [3451-472]. ........................................................................................................................ 24

Mynd 7. Horft niður á tóft [3451-457]. Stærra rýmið sést í miðju og litla rýmið efst. ........... 25

Mynd 8. Horft niður á tóft [3451-454]. Greina má útlínur á ferhyrndu mannvirki. ................ 26

Mynd 9. Horft beint niður á þústir [3451-455] Fyrir miðri mynd, t.v. við malarveg, virðist mega greina ferhyrnt mannvirki. Í horninu neðst t.h. sést grunnurinn frá síðasta bænum sem var byggður árið 1948. ........................................................................................ 27

Mynd 10. Horft beint niður á tóft [3451-458]. ....................................................................... 28

Mynd 11. Horft beint niður á bæjartúnið. Áveita [3451-459] sést hér efst á myndinni. T.v. er bæjarhóllinn [3451-450] og t.h. er fjárhústóft [3451-458]. .................................................. 29

Mynd 12. Staðsetning á fjárhúsum eða útihúsum austan við bæjarstæðið............................. 30

Mynd 13. Mógrafir [3451-470] suðvestan við bæjartúnið. .................................................... 32

Mynd 14. Leið [3451-460] sem liggur niður að Stekkjarkvarnarvaði [3451-462] á Tunguá. . 33

Mynd 15. Ógreinilega virðist mega sjá móta fyrir að minnsta kosti tveimur veggjum á miðri mynd; skrásetjari stendur fyrir framan stekkjartóftina [3451-461] og er staðsettur fyrir neðan hana á myndinni. ........ 34

Mynd 16. Horft yfir Stekkjarkvarnarvað [3451-462]........ 35

Mynd 17. Leið [3451-463] liggur austur að bæjartúninu........ 36

Mynd 18. Varða [3451-464] á Vörðuholti. ........ 37

Mynd 19. Varða [3451-465] á Vörðuholti. Lengra í burtu sést varða [3451-466]. ........ 38

Mynd 20. Varða [3451-466] á Vörðuholti. ........ 39

Mynd 21. Leið [3451-467] liggur milli Vörðuholts og mógrafa [3451-468]........ 40

Mynd 22. Mógrafir [3451-468] við Vörðuholt. ........ 41

Mynd 23. Landamerkjavarða [3451-469] á Vörðuás........ 42

Mynd 24. ........ 43

Mynd 25. Horft yfir gamla bæjartúnið á Iðunnarstöðum........ 45

Mynd 26. Horft yfir til bæjartúnsins frá mógröfum [3451-468] í Vörðuholti [3451-464], [3451-465] og [3451-466]........ 46

## Kortaskrá

Kort 1. Skráningarsvæðið er rauði punkturinn á kortinu. ........ 2

Kort 2. Skráningarsvæðið nær yfir skógræktarsvæðið sem hér er sýnt á korti og hið gamla bæjartún Iðunnarstaða. ........ 10

Kort 3. Yfirlitskort minjar og örnefni á skráningarsvæðinu........ 17

Kort 4. Túnakort Iðunnarstaða frá árinu 1918 ... 19

Kort 5. Fornleifar í bæjartúni þær eru ekki í hættu fyrir skógrækt aðeins mógrafir [470] sem eru neðst á kortinu. ... 20

Kort 6. Bæjarstæði og uppmældar minjar. ... 20

Kort 7. Minjar sem eru í hættu vegna skógræktar. ... 31

# Inngangur

Að beiðni Reynis Kristinssonar, fyrir hönd Kolviðar ehf., tók Ragnheiður Traustadóttir, fornleifafræðingur, fyrir hönd Antikva ehf., að sér að skrá fornleifar á Iðunnarstöðum í Borgarbyggð vegna fyrirhugaðrar skógræktar. Skráningin fékk verkefnanúmerið 3551 hjá Minjastofnun Íslands.

Samtals voru skráðar 28 minjar. Í bæjartúninu er stór bæjarhóll, tóftir útihúsa og áveita. Á skógræktarsvæðinu fundust stekkur, leiðir og vað, mógrafir og vörður.

Skráningin fól í sér athugun á fyrri skráningu, heimildasöfnun, vettvangsskráningu og úrvinnslu, mat á minjum innan skipulagssvæðisins, svo sem hættumat, skýrslu- og kortagerð. Allar minjar voru mældar upp og staðsettar og við fornleifaskráninguna var farið eftir stöðlum Minjastofnunar Íslands. Teknar voru ljósmyndir og flygildismyndir af minjunum.

Jómundur G. Hjörleifsson á Heggsstöðum veitti ýmsar gagnlegar upplýsingar um Iðunnarstaði og búsetuna á fyrri hluta 20. aldar. Jómundur er barnabarn Guðrúnar Magnúsdóttur og Jómundar Einarssonar sem bjuggu á síðasta torfbænum á jörðinni fram til um 1944.

Þórarinn Svavarsson á Hótel Basalt á Iðunnarstöðum veitti einnig góðar upplýsingar um minjar og staðhætti.

Jómundi og Þórarni er báðum þakkað fyrir.

Skýrsluhöfundar sáu um vettvangsvinnu og heimildavinnu.

Með skýrslunni fylgir fornleifaskrá og stafrænn hnitagrunnur.




**Kort 2. Skráningarsvæðið nær yfir skógræktarsvæðið sem hér er sýnt á korti og hið gamla bæjartún Iðunnarstaða.**

# Fornleifaskráning og skráningarsvæðið

Árið 2023 voru skráðar þrjár fornleifar á Iðunnarstöðum vegna lagningar jarðstrengs á Vesturlandi. Fornleifar hafa þó ekki verið skráðar áður á öllu bæjartúninu, né heldur á svæðinu þar sem fyrirhugað er að rækta skóg. Gengið var um allt, minjar staðsettar og mældar upp á vettvangi eins og krafist er samkvæmt nýjustu stöðlum Minjastofnunar Íslands.

Skráningarsvæðið liggur í sveig frá Tunguá upp í fjallshlíðarnar sunnan við gamla bæjartúnið og austur yfir svokallaðan Beð þar sem er mikið flóaflæmi niður að Tunguá. Ekki stendur til að rækta skóg í bæjartúninu en minjar voru þó líka skráðar þar.

# Tilgangur fornleifaskráningar

Samkvæmt 4. mgr. 3. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 (mml.), sem tóku við af þjóðminjalögum nr. 107/2001 1. janúar 2013, njóta fornleifar friðunar og eru þannig verndaðar gegn hvers kyns raski.

Í 3. mgr. 3. gr. mml. eru fornleifar skilgreindar með svofelldum hætti:

„Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

a. búsetulandslag, skrúðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,

b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,

c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,

d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,

e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,

f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,

g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,

h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,

i. skipsflök eða hlutar þeirra.“[1]

Í 21. gr. mml. er kveðið á um verndun fornleifa:

[1] *Lög um menningarminjar* nr. 80, 2012, 3. gr.

„Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Eigendur og ábúendur jarða skulu hlúa að fornleifum á landareignum sínum og viðhalda umhverfi þeirra eftir því sem sanngjarnt getur talist. Minjastofnun Íslands er skylt að veita ráðgjöf og leiðbeiningar í því sambandi.

Minjastofnun Íslands gerir nauðsynlegar ráðstafanir til verndar fornleifum, viðhalds eða endurbóta, en áður skal gera landeiganda eða ábúanda viðvart um þær. Ef nauðsyn krefur lætur Minjastofnun Íslands rannsaka fornleifar með uppgreftri eða á annan hátt.“[2]

Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar finnast ber að tilkynna það Minjastofnun Íslands, sbr. 38. gr. mml., og án tafar skv. 1. mgr. 23. gr. megi ætla að þær séu í hættu.[3]

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að sporna við því að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða að nauðsynjalausu. Fornleifaskráning kemur að notum í minjavörslu þegar ákvarðanir eru teknar um aðgerðir til verndar einstökum minjastöðum eða minjasvæðum. Auk þess kemur hún að gagni í rannsóknum og kynningum.

Ekki er það síður hagur þeirra sem stýra hvers konar framkvæmdum að eiga aðgang að yfirliti um fornleifar á tilteknu svæði. Segja má að við það vinnist tvennt. Unnt verður að taka tillit til minjanna við skipulagsvinnu og nýta þær til að varðveita sögu staðarins í landslaginu. Einnig má minnka stórlega líkur á að framkvæmdaraðilar rekist í miðjum klíðum á fornleifar sem þeir gerðu sér ekki grein fyrir að gætu verið fyrir hendi en reynist svo nauðsynlegt að rannsaka með tilheyrandi kostnaði og töfum á framkvæmdum.

Björgunaruppgröftur, sem er unninn vegna framkvæmda og undir þrýstingi frá framkvæmdaraðilum, er heldur ekki æskilegur frá sjónarmiði fornleifafræðinnar.

[2] *Lög um menningarminjar* nr. 80, 2012, 21. gr.
[3] *Lög um menningarminjar* nr. 80, 2012, 23. og 38. gr.

Fornleifaskráning sameinar þess vegna hagsmuni fræðigreinarinnar og þeirra sem standa að framkvæmdum.

Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skal skv. 16. gr. mml. fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Áður en deiliskipulag er afgreitt eða leyfi til framkvæmda eða rannsókna er gefið út skal skráning ætíð fara fram á vettvangi.[4]

Skulu skipulagsyfirvöld hafa samráð við Minjastofnun Íslands um tilhögun skráningar eða endurskoðun á fyrri fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskrám með hliðsjón af fyrirhuguðum breytingum á skipulagi. Óheimilt er að veita leyfi til framkvæmda án undanfarandi fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskráningar. Þegar sérstaklega stendur á getur Minjastofnun Íslands veitt undanþágu fyrir framkvæmdum með tilteknum skilyrðum.

Skipulagsyfirvöld skulu tilkynna Minjastofnun Íslands um gerð skipulagsáætlana og verulegar breytingar á þeim og um gerð skýrslna um mat á umhverfisáhrifum.

Almennt er æskilegt að framkvæmdum sé beint frá minjastöðum en sé þess enginn kostur ber að tilkynna Minjastofnun Íslands um framkvæmdirnar með sannanlegum hætti með minnst fjögurra vikna fyrirvara eins og segir í 23. gr. mml. Enn fremur segir að Minjastofnun Íslands ákveði að undangenginni vettvangskönnun hvort frekari rannsóknar sé þörf, hvort gera skuli tillögu um friðlýsingu eða hvort fornleifarnar megi víkja og þá með hvaða skilmálum. Óheimilt er að veita leyfi til framkvæmda fyrr en ákvörðun Minjastofnunar Íslands liggur fyrir. [5]

Í 2. mgr. 28. gr. mml. segir að framkvæmdaraðili greiði kostnað við þær rannsóknir á fornleifum sem Minjastofnun Íslands ákveður að séu nauðsynlegar vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Við allar umfangsmiklar framkvæmdir skal sá sem fyrir þeim stendur bera kostnað af nauðsynlegum rannsóknum og vettvangsskráningu fornleifa.[6]

[4] *Lög um menningarminjar* nr. 80, 2012, 16. gr.
[5] *Lög um menningarminjar* nr. 80, 2012, 23. gr.
[6] *Lög um menningarminjar* nr. 80, 2012, 28. gr.

# Fornleifaskráning og aðferðir

Við fornleifaskráninguna voru fornleifar flokkaðar undir Iðunnarstaði [188] og er vísað til jarðarinnar með númeri úr *Jarðatali* Johnsens frá árinu 1847. Fjallað er um hvern minjastað fyrir sig. Teknar voru ljósmyndir og flygildismyndir og gerð kort, auk þess sem minjarnar voru hnitsettar og færðar inn á loftmynd frá Loftmyndum ehf.

## Minjanúmer

Minjar eru auðkenndar með númeri og sérheiti þeirra ef finnst, til dæmis Stekkjarkvarnarvað „[3451-462]“, síðan er tegund nefnd á eftir númeri til frekari skýringar. Ef stendur *heimild* á eftir númeri þá hafa ekki fundist fornleifar á vettvangi. Fyrsta númer innan hornklofa er númer Minjastofnunar og seinna númer er númer skráningarinnar í landfræðilegum gagnagrunni Antikva yfir fornleifar, örnefni og sögulegar minjar á Vesturlandi.

Attributes Text *Relations* Geo Objects *Documents* Events

| Attribute | Value |
|---|---|
| Id | 450 |
| Name | Bæjarhús |
| Class | Arkeologiska object |
| eldra_minj_id | ekki skráð áður |
| minj_id | 3451-450 |
| verkefna nr | 3451 |
| Sérheiti | Iðunnarstaðir |
| bæjarnafn | Iðunnarstaðir |
| jarðatal johnsen | 188 |
| flokkun | búsetuminjar |
| tegund | tóft |
| efni | torf og grjót |
| verndun | friðað |
| lengd | 20 meter |
| breidd | 12 meter |
| veggjahæð frá | 0.6 |
| veggjahæð_til | 1.20 |
| breidd veggjar | 1 |
| Athugasemdir | Þrjú hús yngsti bærinn |
| umhverfi | garðlönd og tún |
| svæði | heimatún |
| túnakort | Túnakort 1918 |
| aldur_fra | 1500 |
| aldur_til | 1900 |
| skráning | RT-RKT |
| mæling | uppmæling |
| heimsott | 14.06.2025 |
| horfin | nei |
| horfin_astæða | <None> |
| ástand | greinanlegar |
| hættumat | <None> |
| hættuorso | <None> |
| haetta_tilefni | engin hætta |
| minjagildi | mikið |
| Verkefni | Fornleifaskráning v/skógræktar |
| sveitarfélag | Borgarbyggð |
| Hlutverk | bæjarhóll |

**Mynd 1. Skráningarform á Vesturlandi sem fylgir stöðlum Minjastofnunar Íslands.**

### Tegund, hlutverk og heiti

Tegund og hlutverki minja er eins og venjan er um fornleifaskráningar lýst í fáum orðum, þ.e. hvort um sé að ræða tóftir bæja eða útihúsa, höfn, byrgi, túngarð og þar fram eftir götunum. Stundum sér fornra minja ekki stað í landslaginu þótt þeirra sé getið í heimildum og kunna margar ástæður að vera fyrir því. Kemur þá fram í fornleifaskránni að „heimild“ sé til um til dæmis eyðibýli. Er leitast við að hafa fornleifaskrána eins nákvæma og kostur er því að leifar fornminja kunna að leynast í jörðu þótt ekki sé unnt að sjá þær með berum augum á yfirborðinu.

Hafi fornminjarnar sérnafn er það sérstaklega skráð en þegar engu slíku er til að dreifa kemur fyrir að hlutverki þeirra sé lýst þar sem heitið stæði annars, til mógrafir [3451-470].

### Staðsetning

Tekin voru GPS hnit á öllum minjum eða þær mældar upp með nákvæmu GPS mælingartæki úti á vettvangi og þau færð inn í landupplýsingagrunn Vesturlands. Í hjálagðri fornleifaskrá eru gefin upp hnit í landshnitakerfinu Ísnet 93 þegar við á. Staðsetning þeirra er svo færð inn á loftmynd. Gögnum er einnig skilað í stafrænu formi í landupplýsingakerfi.

### Staðhættir og lýsing

Ávallt er greint frá afstöðu skráðra minja í landslaginu, þeim og staðháttum lýst, bæði formi, umfangi og ástandi, og aðrar athugasemdir gerðar þegar þörf krefur, til dæmis vísað í aðrar heimildir.

### Hættumat

Leitast er við að leggja mat á þá hættu sem að fornleifunum kann að steðja, bæði af völdum náttúru og manna. Þetta er gert til að unnt sé að grípa til viðeigandi ráðstafana liggi minjar undir skemmdum eða geti orðið fyrir raski. Hætta vegna ábúðar þýðir að framkvæmdir eða álag kunni að raska fornminjum. Hætta vegna veðrunar þýðir að fornleifar séu smám saman að mást í burtu fyrir áhrif lofts eða vatns. Hætta vegna landbrots þýðir að fornleifar geti glatast af völdum vatns eða uppblásturs. Hætta vegna tilefnis þýðir að fornleifum stafi hætti vegna fyrirhugaðra framkvæmda, svo sem við skógrækt eða nýbyggingar.

Ekki er lagt mat á hættuna þegar einungis er til heimild um fornleifar en þær hafa ekki fundist við vettvangsskráninguna. Í þessu tilviki hafa fimm fornleifar horfið eða eru einungis þekktar af heimildum.

### Mótvægisaðgerðir

Ef minjar eru í hættu vegna framkvæmda er lagt til að framkvæmdum sé beint frá minjastaðnum. Ef það er ekki hægt er komið með tillögur að mótvægisaðgerðum. Það er þó alltaf Minjastofnun Íslands sem ákveður hvað þarf að gera og með hvaða hætti.

## Fornleifar á svæðinu




**Kort 3. Yfirlitskort minjar og örnefni á skráningarsvæðinu.**



**Mynd 2. Gömul mynd af síðasta torfbænum á Iðunnarstöðum. Þarna sést bær með þremur burstum, lítið hús fyrir framan og stórt timburhús þar sem var hlaða. Húsaskipan er eins og á túnakorti frá árinu 1918. Myndin er til sýnis á Hótel Basalt á Iðunnarstöðum en frummyndin er í eigu Jómundar G. Hjörleifssonar á Heggsstöðum. Myndin er unninn í gervigreind.**

## Iðunnarstaðir [188]

Iðunnarstaða [188] [7] er að sögn Ara Gíslasonar í örnefnalýsingu fyrst getið í heimildum árið 1575 í tengslum við arfaskipti.[8] Þrátt fyrir leit tókst ekki að hafa uppi á eldri heimild um þetta atriði en jörðin er líklega gömul engu að síður. Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* árið 1708 var hún enn metin 16 hundruð og var í bændaeign.[9] Iðunnarstaðir komust síðan í eigu Saurbæjarkirkju á Hvalfjarðarströnd árið 1772 og svo var áfram þegar *Jarðatal* Johnsens var tekið árið 1847 og var hún þá metin 16 hundruð.[10] Búið var í síðasta torfbænum fram að miðri 20. öld. Jómundur Einarsson og Guðrún Magnúsdóttir bjuggu þar lengi en

[7] Hér er vísað til Iðunnarstaða með númeri úr *Jarðatali* Johnsens, 1847, 115.
[8] Ö-Iðunnarstaðir AG, 1.
[9] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*, IV, 1925–1927, 205.
[10] Johnsen, 1847, 115.

samkvæmt Jónmundi G. Hjörleifssyni, barnabarni þeirra, fluttu þau um 1943 eða 1944. Síðan voru ábúendaskipti nokkuð tíð næstu árin þangað til hætt var að nota torfbæinn og nýr bær var byggður norðvestan í túninu árið 1948.[11] Jörðin komst seinna í eigu ríkisins og eftir 2023 var síðasta íbúðarhúsið var rifið og Hótel Basalt byggt sunnan við grunn þess.[12] Hótelið reka hjónin Þórarinn Svavarsson, Hjördís Geirdal og dætur þeirra Katrín og Jasmín.[13]




**Kort 4. Túnakort Iðunnarstaða frá árinu 1918.**

[11] *Túnakort Iðunnarstaða*, 1918; Jakob Jónsson, Jón G. Guðbjörnsson og Þorsteinn Guðmundsson, 1989, 266.
[12] Agla Geirlaug Aradóttir, Birna Lárusdóttir, Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Gylfi Helgason, Helga Jónsdóttir, Kristborg Þórsdóttir, Ragnheiður Gló Gylfadóttir, Sólveig G. Beck og Stefán Ólafsson, 2023, 34.
[13] „Um okkur.“




**Kort 5. Fornleifar í bæjartúni þær eru ekki í hættu fyrir skógrækt aðeins mógrafir [470] sem eru neðst á kortinu.**




**Kort 6. Bæjarstæði og uppmældar minjar.**

# Minjar í bæjartúni



**Mynd 3. Horft beint niður á gamla bæjarhólinn. Bæjartóftin [3451-450] sést t.v. og fyrir framan hana (neðst) er matjurtagarður [3451-452]. T.h. er [fjós 3451-472] og steyptur súrheysturn [3451-451].**

## Bær – bæjarhóll [3451-450] tóft – hóll

Á túnakorti frá 1918 sést bær með ásamt matjurtagarði í miðju heimatúni.[14] Bæ með þremur burstum og nærliggjandi húsum má einnig sjá á ljósmynd sem tekinn var af Iðunnarstöðum árið um 1940 (sbr. hér á undan). Samkvæmt upplýsingum frá Jómundi G. Hjörleifssyni, barnabarni síðustu ábúenda, var fjós undir vestustu bæjarburstinni sem er lengst til vinstri á myndinni og baðstofa í miðjunni en göngin voru undir austustu burstinni. Eldhúsið var haft í baðstofunni á veturnar en flutt í göngin á sumrin.

[14] *Túnakort Iðunnarstaða*, 1918; áður skráð: Agla Geirlaug Aradóttir, Birna Lárusdóttir, Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Gylfi Helgason, Helga Jónsdóttir, Kristborg Þórsdóttir, Ragnheiður Gló Gylfadóttir, Sólveig G. Beck og Stefán Ólafsson, 2023, nr. BO-188:001_01.

Gamli bæjarhóllinn er stór og áberandi í túninu austan hótelsins. Hann nær allt að 2,5-3 m hæð. Greina má þrískipta bæjartóft sem trónir uppi á vestanverðum hólnum. Rýmin þrjú opnast suður og veggjahæð frá botni er 0,5-1 m.

Matjurtagarður [3451-452] hefur verið fast sunnan við bæinn en fjós [3451-472] og súrheysgryfja [3451-451] austan við hann og eru öll mannvirkin sambyggð. Bæjarhóllinn sjálfur er þó töluvert umfangsmeiri og má ætla að í honum leynist minjar eldri bygginga. Akstursspor liggja í kringum hann og túnið umhverfis er þýft og grasi vaxið.

Á það er bent að í fyrri fornleifaskráningu þá var túnakortinu ekki rétt snúið og er því eldri bæjarhólinn ekki staðsettur rétt.



**Mynd 4. Hér t.h. sést móta fyrir matjurtagarði [3451-452] fyrir framan bæjartóft [3451-450] og súrheysturn [3451-451].**

### Matjurtagarður [3451-452] jarðrækt

Á túnakorti er sýndur kálgarður sunnan við bæinn.[15] Flötur fast sunnan eða framan við bæjartóftina er í sömu hæð og hefur matjurtagarðurinn líklega verið þar hann er þó mjög ógreinilegur. Á það er bent að í fyrri fornleifaskráningu þá var túnakortinu ekki rétt snúið og er því matjurtagarðurinn ekki staðsettur rétt.

### Útihús [3451-471] heimild

Í vesturhorni matjurtagarðsins er á túnakortinu sýnt lítið hús.[16] Það sést líka á gömlu ljósmyndinni og snýr burstin þar til vesturs. Húsið hefur verið á svipuðum stað og nú er steyptur súrheysturn [3451-451] og hefur því líklega horfið undir hann.



**Mynd 5. Steypt súrheysgryfja [3451-451] sést hér í miðjum bæjarhólnum.**

### Súrheysgeymsla [3451-451] steyptur grunnur

Steinsteypt tóft af tvískiptri byggingu er fast austan matjurtagarðsins [3451-452]. Byggingin stendur allmiklu lægra í bæjarhólnum en bæjartóftin sjálf. Hún nær um fjögurra m hæð og eru gluggar á báðum hólfum. Á túnakorti er teiknað inn hús [3451-471] á þessum stað en líklega

[15] *Túnakort Iðunnarstaða*, 1918; áður skráð: Agla Geirlaug Aradóttir, Birna Lárusdóttir, Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Gylfi Helgason, Helga Jónsdóttir, Kristborg Þórsdóttir, Ragnheiður Gló Gylfadóttir, Sólveig G. Beck og Stefán Ólafsson, 2023, nr. BO-188:001_02.
[16] *Túnakort Iðunnarstaða*, 1918

hefur steinsteypta húsið verið byggt á grunni þess. Samkvæmt Jómundi G. Hjörleifssyni var þetta súrheysgryfja eða súrheystóft sem var byggð eftir 1940 enda sést hún ekki á gömlu ljósmyndinni af bænum. Geymslur til súrverkunar á heyi voru jafnan annaðhvort hringlaga eða ferkantaðar, og bárujárn var gjarnan notað í uppsláttinn.



**Mynd 6. Horft norður inn í tóft í bæjarhólnum sem sennilega er af fjósi og hlöðu [3451-472].**

### Hlaða – fjós [3451-472] tóft

Á túnakortinu er ekkert hús sambyggt bænum austan megin en á ljósmyndinni frá 1940 er stór timburbygging. Samkvæmt Jómundi var hlaða með steyptu gólfi í henni sem var byggð skömmu áður en ljósmyndin var tekin. Ekkert sést lengur af þessu timburhúsi en í stæði þess austan megin í bæjarhólnum er varðveitt torf- og grjóthlaðin tóft með steyptu gólfi. Óljóst er hins vegar hvort tóftin var hluti af hlöðunni eða hvort hún sé af eldri byggingu. Hún stendur í sömu hæð og steinsteypta súrheysgryfjan [3451-451] og steinsteypa hefur verið notuð á gólfið. Eins og tóftin lítur út núna er hún sambyggð bænum [3451-450] og súrheysturninum sem mynda veggi á suður- og vesturhlið. Veggir eru síðan hlaðnir austan megin og að hluta til norðan megin. Inngangar eru bæði að sunnan og norðan. Timburhúsið á ljósmyndinni virðist hins vegar standa eitt og sér.

## Heimreið [3451-453] heimild

Á túnakorti sést heimreið sem liggur vestur frá bænum.[17] Hún hefur farið undir hótelbyggingu og bílaplan og sést ekkert til hennar lengur. Leið [3451-463] sem mæld var upp nokkru vestan túnsins gæti hins vegar verið framhald af henni.



**Mynd 7. Horft niður á tóft [3451-457]. Stærra rýmið sést í miðju og litla rýmið efst.**

## Útihús [3451-457] tóft

Á túnakortinu er hús norðan við bæinn [3451-450][18] og er tóft þess enn mjög greinileg í túninu. Hún skiptist í stærra rými sem er nær bæjarhólnum og virðist vera með inngang á suðausturhorni og minna rými norðan megin sem opnast vestur. Það glittir í hleðslugrjót og í

[17] *Túnakort Iðunnarstaða*, 1918.
[18] *Túnakort Iðunnarstaða*, 1918.

minna rýminu eru leifar af bárujárni. Veggjahæð er á bilinu 1-2 m, mest að utanverðu en suðurveggurinn lægri enda mikið hruninn.



**Mynd 8. Horft niður á tóft [3451-454]. Greina má útlínur á ferhyrndu mannvirki.**

## Útihús [3451-454] tóft

Á túnakorti er teiknað inn hús í vesturjaðri túnsins.[19] Þarna má greina tóft eða leifar af byggingu. Þetta er norðvestan í túninu, norðan við hótelið og suðvestan við grunn af síðasta bænum sem byggður var árið 1948.[20] Tóftin er þó hálfgert hrúgald og lítur út eins og henni hafi verið rutt til eða raskað á einhverju stigi. Ekki er hægt að greina eiginlega veggi á vettvangi en stórir grjóthnullungar eru við ytri brúnir. Á flygildismyndum sést þó greinilega ferhyrnd lögun.

[19] *Túnakort Iðunnarstaða*, 1918.
[20] Jakob Jónsson, Jón G. Guðbjörnsson og Þorsteinn Guðmundsson, 1989, 266.



**Mynd 9. Horft beint niður á þústir [3451-455] Fyrir miðri mynd, t.v. við malarveg, virðist mega greina ferhyrnt mannvirki. Í horninu neðst t.h. sést grunnurinn frá síðasta bænum sem var byggður árið 1948.**

## Útihús [3451-455] þústir

Lítið hús er sýnt á túnakorti rétt norðan við hús [3451-454].[21] Á vettvangi er þarna dæld eða laut og bunga með þýfi en erfitt er að greina tóft. Á flygildismyndum virðist þó mega sjá ferhyrnda lögun. Tóftin gæti hafa orðið fyrir raski þegar síðasti bærinn á Iðunnarstöðum var byggður en grunnurinn frá honum er rétt fyrir ofan dældina.

[21] *Túnakort Iðunnarstaða*, 1918.

## Útihús [3451-456] heimild

Hús er teiknað inn á túnakort nyrst í túninu.[22] Það hefur verið staðsett þar sem nú eru hús fyrir starfsmenn hótelsins en er alveg horfið.



**Mynd 10. Horft beint niður á tóft [3451-458].**

## Fjárhús [3451-458] tóft

Samkvæmt túnakortinu var hús syðst í túninu.[23] Líklega hefur þarna verið fjárhús og er tóftin af því er enn mjög greinileg. Hún liggur neðst í brekku og opnast suður. Tóftin er um 20 metrar að lengd og 15 metrar á breidd.

[22] *Túnakort Iðunnarstaða*, 1918.
[23] *Túnakort Iðunnarstaða*, 1918.

Veggir eru 0,8-1,3 m að hæð en vesturveggurinn er mikið hruninn og heldur lægri. Veggjabreidd er 1-2 m. Hleðslugrjót er sums staðar sýnilegt í veggjum og vestan megin í tóftinni er garði hlaðinn úr torfi og grjóti.



**Mynd 11. Horft beint niður á bæjartúnið. Áveita [3451-459] sést hér efst á myndinni. T.v. er bæjarhóllinn [3451-450] og t.h. er fjárhústóft [3451-458].**

## Fráveita [3451-459] skurður

Á túnakorti má sjá rennu eða skurð austan við húsin sem liggur suður um túnið.[24] Fyllt hefur verið upp í skurðinn en hann sést mjög skýrt á flygildismyndum. Mögulega hefur skurðurinn verið notaður til að veita vatni frá túninu og þurrka það. Á það er bent að í fyrri fornleifaskráningu þá var túnakortinu ekki rétt snúið og fráveitan ekki staðsett rétt.

[24] *Túnakort Iðunnarstaða*, 1918; áður skráð: Agla Geirlaug Aradóttir, Birna Lárusdóttir, Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Gylfi Helgason, Helga Jónsdóttir, Kristborg Þórsdóttir, Ragnheiður Gló Gylfadóttir, Sólveig G. Beck og Stefán Ólafsson, 2023, nr. BO-188:




**Mynd 12. Staðsetning á fjárhúsum eða útihúsum austan við bæjarstæðið.**

## Fjárhús – útihús [3451-475] tóft

Austan við bæjartúnið eru tvær tóftir sem sjást mjög greinilega á loftmynd. Þær standa á vel grónum bletti utan við skráningarsvæðið og voru því hvorki mældar né skoðaðar nánar á vettvangi, en eru teknar með hér til upplýsingar. Mikilvægt er að hafa þær í huga við mögulega stígagerð eða aðrar framkvæmdir, þar sem þarna eru minjar sem þarf að taka tillit til. Sú vestari {3451-475] snýr nokkurn veginn í vestur–austur. Samkvæmt upplýsingum frá Jómundi G. Hjörleifssyni voru þarna fjárhús, sem vekur athygli í ljósi þess að næsta tóft er einnig talin hafa gegnt því hlutverki. Það gæti verið gagnlegt að skoða tóftirnar á vettvangi til að fá betri vísbendingar um hlutverk og aldur þeirra.

## Fjárhús- útihús [3451-476] tóft

Vestan við tóft [3451–475] er önnur tóft sem liggur í vestur–austur og virðist skiptast í tvö rými sem opnast til suðurs. Samkvæmt upplýsingum frá Jómundi G. Hjörleifssyni voru einnig þarna fjárhús. Tóftin stendur á vel grónum bletti utan við skráningarsvæðið og var hvorki mæld né skoðuð nánar á vettvangi, en er tekin með hér til að vekja athygli á minjum sem nauðsynlegt er að taka tillit til við hugsanlegar framkvæmdir. Það kemur nokkuð á óvart að báðar tóftirnar séu taldar hafa verið fjárhús, og væri því gagnlegt að skoða þær nánar á vettvangi




**Kort 7. Minjar sem eru í hættu vegna skógræktar.**

# Minjar á skógræktarsvæði



**Mynd 13. Mógrafir [3451-470] suðvestan við bæjartúnið.**

## Mógrafir - torfrista [3451-470] niðurgreftir

Mógrafir eða torfrista eru greinilegar neðst í brekkunni ofan og suðvestan túnsins en sunnan við hótelið. Norðan við þær er uppþornaður lækjarfarvegur.



**Mynd 14. Leið [3451-460] sem liggur niður að Stekkjarkvarnarvaði [3451-462] á Tunguá.**

## Leið [3451-460] gata

Gömul leið liggur niður að Tunguá, framhjá Stekk [3451-461] og norðvestur að Stekkjarkvarnarvaði [3451-462].



**Mynd 15. Ógreinilega virðist mega sjá móta fyrir að minnsta kosti tveimur veggjum á miðri mynd; skrásetjari stendur fyrir framan stekkjartóftina [3451-461] og er staðsettur fyrir neðan hana á myndinni.**

## Stekkur [3451-461] tóft

Í örnefnalýsingu segir: „Iðunnarstaðagil er stórt gil, sem kemur upp í tvennu lagi og sameinast niðri við láglendið. Þetta gil er nefnt Ytra-Iðunnarstaðagil til aðgreiningar frá öðru. Þegar kemur inn fyrir gilið, er þar niðri við á rústir, sem heita Stekkur. Þar telja sumir, að eyðibýlið Butraldi [3451-473] sé.“[25] Þarna er illgreinanleg tóft sem virðist hafa verið hlaðin utan í náttúrulegan bakka. Hún er staðsett á skjólsælum gróðurblett við farveg lækjar sem runnið hefur í Tunguá fyrir neðan. Leið [3451-462] liggur neðan við stekkinn.

[25] Ö-Iðunnarstaðir AG, 1.

## Butraldi – eyðibýli [3451-473] heimild

Samkvæmt örnefnalýsingu var eyðibýlið Butraldi hjá stekk [3451-461] við Tunguá.[26] Á korti Landmælinga Íslands er eyðibýlið hins vegar merkt inn töluvert vestar og langt utan skógræktarsvæðisins.[27] Ekki fundust neinar minjar um eyðibýli innan skógræktarsvæðisins. Ekki var leitað fyrir utan svæðið þar sem punkturinn er settur á kortinu.



**Mynd 16. Horft yfir Stekkjarkvarnarvað [3451-462].**

[26] Ö-Iðunnarstaðir AG, 1.
[27] „Ísland – Vesturland – Borgarbyggð.

## Stekkjarkvarnarvað [3451-462] vað

„Niður undan Stekknum, sem fyrr er nefndur, er Stekkjarkvörn í Tunguá," segir í örnefnalýsingu.[28] Þarna hafa Landmælingar Íslands merkt inn Stekkjarkvarnarvað.[29] Leið [3451-460] liggur beint niður að vaðinu sem er mjög greinilegt.



**Mynd 17. Leið [3451-463] liggur austur að bæjartúninu.**

[28] Ö-Iðunnarstaðir AG, 1.
[29] „Ísland – Vesturland – Borgarbyggð."

## Leið [3451-463] gata

Á *Herforingjaráðskorti Dana* frá árinu 1911 má sjá hvar gata liggur vestur frá túni Iðunnarstaða í framhaldi af heimreiðinni [3451-453]. Þessi forna leið er enn sýnileg á vettvangi.[30]



**Mynd 18. Varða [3451-464] á Vörðuholti.**

## Kennimark – samgöngubót [3451-464] varða

Í örnefnalýsingu segir: „Rétt utan við túnið er holt með vörðu á, sem heitir Vörðuholt.“[31] Í athugasemdum við örnefnalýsingu er svo bætt við: „Vörðuholtið er fyrir austan og ofan

[30] *Herforingjaráðskort Dana*, 1911.
[31] Ö-Iðunnarstaðir AG, 1.

bæinn, á því eru tvær vörður. Það er við Eystra-Iðunnarstaðagil.“[32] Eins og þarna er lýst er Vörðuholtið austan bæjar og fyrir neðan gilið en á því eru þrjár vörður hlaðnar úr hellugrjóti. Sú sem stendur syðst er hrunin og nær mest 0,5 m hæð. Hún er um 1,5x 1 m að stærð. Vörðurnar þrjár hafa sennilega bæði verið vegvísar við leiðir [3451-467] og [3451-] sem þarna liggja og kennimörk fyrir mógrafir [3451-468] neðan við holtið.



**Mynd 19. Varða [3451-465] á Vörðuholti. Lengra í burtu sést varða [3451-466].**

[32] Ö-Iðunnarstaðir, SM.

### Kennimark – samgöngubót [3451-465] varða

Vörður á Vörðuholti eru nefndar í örnefnalýsingum.[33] Af þremur vörðum standa tvær þær nyrðri þétt saman. Sú syðri af þessu vörðupari er hrunin. Hún nær um 0,6 m hæð og er um 1,2 x 1,2 m að stærð.



**Mynd 20. Varða [3451-466] á Vörðuholti.**

### Kennimark – samgöngubót [3451-466] varða

Samkvæmt örnefnalýsingum eru vörður á Vörðuholti.[34] Þær eru alls þrjár en sú nyrsta er best varðveitt og veglegust. Hún er hlaðin úti á brún holtsins næst mógröfum [3451-468] fyrir neðan og nær 0,9-1,2 m hæð. Stærðin er um 1,2 x 1 m.

[33] Ö-Iðunnarstaðir AG, 1; Ö-Iðunnarstaðir, SM.
[34] Ö-Iðunnarstaðir AG, 1; Ö-Iðunnarstaðir, SM.

.



**Mynd 21. Leið [3451-467] liggur milli Vörðuholts og mógrafa [3451-468].**

## Leið [3451-467] gata

Fyrir neðan Vörðuholt má greina leið sem liggur austan meðfram mógröfum [3451-468].Leiðin hefur líka legið frá bænum að mógröfunum en þar eru komnir akstursslóðar þannig er erfitt er að greina hana nákvæmlega. Það er hefur sennilega verið leið áfram til austur bæði ofan og neðan við Englandsflóa.



**Mynd 22. Mógrafir [3451-468] við Vörðuholt.**

## Mógrafir [3451-468] niðurgreftir

Stórt mógrafasvæði, um 85x77 metrar að flatarmáli, er í svokallaðri Hrísmýri sem nefnd er í örnefnalýsingu.[35] Mógrafirnar eru neðan og vestan við Vörðuholt og sjást mjög vel á flygildismyndum.

[35] Ö-Iðunnarstaðir AG, 1.



**Mynd 23. Landamerkjavarða [3451-469] á Vörðuás.**

## Landamerki [3451-469] varða

„Niður við á er svo ás með vörðu á, sem heitir Vörðuás. Um þessa vörðu eru merkin [...]“[36] segir í örnefnalýsingu. Varðan stendur hátt uppi á kletti þar sem Tunguá tekur á sig hlykk og er gott útsýni yfir ána. Hún er töluvert hrunin og nær 0,1-0,3 m hæð. Stærðin er um 1 x 0,7 m.

[36] Ö-Iðunnarstaðir AG, 1.




**Mynd 24.**

## Hádegisklettur [3451-477] eyktarmark náttúruminjar

Í örnefnalýsingu segir: „Þar efst í hálsi, beint suður af bæ, er klettur, sem heitir Hádegisklettur.“[37] Engar manngerðar minjar fundust á staðnum, en örnefnið er merkt inn á kort Landmælinga Íslands. Á kortinu kemur einnig fram annað örnefni sem tengist Hádegissneið.

## Leið [3451-474] gata

Ari Gíslason segir í örnefnalýsingu frá leið yfir hálsinn að Iðunnarstöðum og lýsir henni eins og komið sé að suðvestan: „Ytra-Iðunnarstaðagilið kemur úr stóru, grasivöxnu dalhvolfi, sem heitir Iðunnarstaðadalur. Hann myndast af Sjónarhól, Víðihrygg (svo) og að austan af Vegahrygg. Eftir honum lá gata, þegar farið var yfir hálsinn.“[38] Séð frá Iðunnarstöðum er Iðunnarstaðadalur handan við hálsinn. Enn má greinilega sjá leið sem liggur frá bæjartúninu

[37] Ö-Iðunnarstaðir AG, 2.
[38] Ö-Iðunnarstaðir AG, 2.

suðvestur upp fjallshrygginn. Sést hún bæði á vettvangi og á loftmyndum. Þessi leið er ekki merkt inn á *Herforingjaráðskort* árið 1911 en virðist engu að síður vera gömul.

Að sögn Þórarins Svavarssonar á Iðunnarstöðum tala heimamenn og staðkunnugir gestir um þessa götu sem gamla póstleið: Auk þess hefur hún verið notuð „til þess að fara upp á hálsinn til þess að smala og svo var þó nokkur samgangur á milli bæjanna í framdölunum, Lundarreykjadals og Skorradals; einhverjir gestir hafa talað um að vera send yfir hálsinn sem börn frá Iðunnarstöðum með lyf, skilaboð og annað smálegt.“ Þessi leið hefur auk þess frá fornu fari legið yfir í selið frá Iðunnarstöðum en það var staðsett við Selás og Smyrlatjörn hinum megin við hálsinn.

Samkvæmt örnefnalýsingu var sel við Smyrlatjörn og Smyrlatjarnarsund suður af Vegahrygg: „Úr Smyrlatjörnum kemur Smyrlatjarnarsund, sem liggur suður af. Upp með því, norðan merkja, er ás, sem heitir Selás og nær norður undir brún. Þar var sel.“[39] Þetta sel tilheyrði Iðunnarstöðum og hefur leið [3451-474] því meðal annars legið yfir hálsinn að því. Selið er fyrir utan skógræktarsvæði og var því ekki leitað að því eða það skráð í þessari skráningu.

[39] Ö-Iðunnarstaðir AG, 2.

## Samantekt og niðurstöður

Skráðar minjar eru 28 talsins og teljast allar fornleifar nema tvær. Þar af eru 14 minjar í eða við gamla bæjartúnið, 11 sem eru varðveittar á staðnum og þrjár horfnar. Á fyrirhuguðu skógræktarsvæði voru skráðar 14 minjar, 11 varðveittar og tvær sem eru einungis þekktar af heimildum.



**Mynd 25. Horft yfir gamla bæjartúnið á Iðunnarstöðum.**

### Minjar í bæjartúni

Iðunnarstaða er fyrst getið á síðari hluta 16. aldar og hefur jörðin því verið í byggð að minnsta kosti um 450 ára skeið. Í gamla bæjarhólnum má greina tóft síðasta bæjarins [3451-550], fjós [3451-472], matjurtagarð [3451-452] og súrheysturn [3451-451]. Bæjarhóllin er hár og nær töluvert lengra út en þessi mannvirki og bendir það til uppsöfnunar á mannvistarlögum. Ætla má að þarna leynist eldri minjar en þær sem sjást á yfirborði og hefur bæjarhóllinn mikið

minjagildi. Önnur mannvirki í túninu eins og útihúsatóftir [3451-457] og [3451-458] og fráveita [3451-459] hafa einnig töluvert minjagildi. Tóftir [3451-454] og [3451-455] norðvestan í túninu eru hins vegar illa varðveittar og hafa minna gildi. Að lokum voru skráðar tvær tóftir, [3451-475] og [3451-476], nokkuð austan við bæjartúnið en þær en þær voru ekki mældar upp.

Bæjarstæðið og aðrar minjar í bæjartúninu eru utan við skógræktarsvæðið og stafar þeim því ekki hætta af skógrækt. Þessar minjar hafa nokkurt upplifunagildi og auðga sögu staðarins og mætti nýta þær til fræðslu fyrir ferðamenn í tengslum við hótelreksturinn á Iðunnarstöðum. Myndin af gamla torfbænum er nú þegar til sýnis á Hótel Basalt og mætti tengja hana við bæjarhólinn forna.



**Mynd 26. Horft yfir til bæjartúnsins frá mógröfum [3451-468] í Vörðuholti [3451-464], [3451-465] og [3451-466].**

## Minjar á skógræktarsvæði

Á svæðinu þar sem stendur til að rækta skóg eru varðveittar mógrafir [3451-470] fast sunnan við bæjartúnið. Í vesturjaðrinum er afar ógreinileg tóft af stekk [3451-461] og leið [3451-460] sem liggur fram hjá honum niður að Stekkjarkvarnarvaði [3451-462] yfir Tunguá. Vestur frá bæjartúninu er leið [3451-463] sem sjá má á *Herforingjaráðskorti* árið 1911. Þessar minjar hafa þó ekki mikið gildi.

Í Vörðuholti austan bæjartúnsins eru þrjár vörður [3451-464], [3451-465] og [3451-466] með nokkurt minjagildi. Þær hafa vísað á mógrafir [3451-468] í Hrísmýri auk þess að vera vegvísar fyrir gamla leið  [3451-467] liggur á milli Vörðuholts og mógrafanna. Þrjár vörður á Vörðuholti benda til þess að þar hafi verið gatnamót þessara efri og neðri leiða.

Þessar minjar hafa aðallega gildi sem hluti af minjaheildinni kringum Vörðuholt og Hrísmýri.

Þessar minjar hafa aðallega gildi sem hluti af minjaheildinni kringum Vörðuholt og Hrísmýri. Engar minjar fundust á Beðnum austan megin á svæðinu en brot af landmerkjavörðu [3451-469] var skráð í útjaðrinum á Vörðuás ofan Tunguár og hefur hún nokkurt gildi. Gömul leið [3451-474] sem lá yfir hálsinn suðvestur frá Iðunnarstöðum hefur varðveist. Hún hefur meðal annars verið gengin í selið frá Iðunnarstöðum sem var hinum megin við hálsinn. Auk leiðar [3451-474] er svokallaður Hádegisklettur [3451-477] uppi hálsinum en hann hefur væntanlega hefur verið eyktarmark frá bænum.

Við skógrækt þarf að taka tillit lögbundinna fjarlægðarmarka við minjar. Samkvæmt 22. gr. mml. er friðhelgt svæði kringum fornleifar og er þá miðað við 15 m í allar áttir. Þegar skógrækt á í hlut má þó gera ráð fyrir að skógurinn breiði úr sér og er lagt til að þau séu aukin í 20 m.

Ekki er víst að allar minjar á svæðinu sjáist á yfirborði eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar koma í ljós á framkvæmdasvæðinu ber að stöðva framkvæmdir, varast frekara rask og tilkynna þegar í stað um fundinn til Minjastofnunar Íslands, sbr. 38. gr. mml.

Minjastofnun Íslands metur eðli þeirra og umfang og hvort rannsókna sé þörf áður en framkvæmdir halda áfram.[40]

Er því beint til framkvæmdaraðila að reyna að sneiða hjá fornleifum og komast hjá því að raska þeim í lengstu lög. Í 21. gr. mml. segir um verndun fornleifa, að „jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, [megi] enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.“

[40] *Lög um menningarminjar* nr. 80, 2012, 38. gr.

# Heimildir


Agla Geirlaug Aradóttir, Birna Lárusdóttir, Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Gylfi Helgason, Helga Jónsdóttir, Kristborg Þórsdóttir, Ragnheiður Gló Gylfadóttir, Sólveig G. Beck og Stefán Ólafsson. (2023). *Fornleifaskráning vegna lagningar jarðstrengs á Vesturlandi sumarið 2023: Kjósarhreppur, Hvalfjarðarsveit, Borgarbyggð, Dalabyggð og Sveitarfélagið Stykkishólmur*. FS969-23141. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands, 2023.

*Herforingjaráðskort* Dana. (1911). Sótt 16. júní 2025 á: https://islandskort.is/map/1141/685#?c=0&m=0&s=0&cv=73&r=0&xywh=987%2C3611%2C1380%2C756.

„Ísland – Vesturland – Borgarbyggð." Loftmyndir ehf. Sótt 16. júní á: https://www.map.is/base/@391656,446343,z10,0.

Jakob Jónsson, Jón G. Guðbjörnsson og Þorsteinn Guðmundsson. (1989). *Byggðir Borgarfjarðar II: Borgarfjarðarsýsla og Akranes*. Búnaðarsamband Borgarfjarðar.

*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* (IV). (1925–1927). Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafjelag í Kaupmannahöfn.

Johnsen, J. (1847). *Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða í landinu*. Kaupmannahöfn.

„Um okkur." Basalt: Hótel og veitingastaður. Sótt 16. júní 2025 á: https://www.basalthotel.is/about-1.


### Þjóðskjalasafn Íslands


*Túnakort Iðunnarstaða í Lundarreykjadal*. (1918). Sótt 12. júní 2025 á: https://skjalaskrar.skjalasafn.is/r/MjU5OTQ2.


### Árnastofnun – Örnefnasafn


Ö-Iðunnarstaðir AG: Örnefnalýsing Iðunnarstaða, Lundarreykjadalshreppi. [Án ártals]. Ari Gíslason skráði eftir Árna Magnússyni á Akranesi, fæddum á Iðunnarstöðum, og Ingimundi Ásgeirssyni frá Reykjum. Sótt 12. júní 2025 á:

Ö-Iðunnarstaðir : Örnefnalýsing Iðunnarstaða, Lundarreykjadalshreppi. (1971). Steinar Matthíasson skráði athugasemdir Einars Torfasonar bónda á Iðunnarstöðum við örnefnalýsingu Ara Gíslasonar. Sótt 12. júní á: https://nafnid.arnastofnun.is/ornefnaskra/15131/pdf.

| | | | | | | | |
